

Rannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað eitt sýnishorn af áfengi þessu, og reyndist það að áfengismagni 70% eftir rúmmáli.

Kærði hefir játað að hann hafi bruggað þetta áfengi sjálfur og ætlað það til sölu. Hinsvegar hefir hann haldið því fram, að hann hafi bruggað þetta áfengi áður en hann var dæmdur síðast og geymt það síðan, en mikið af þeim tíma hefir kærði dvalið á vinnuhælinu Litla Hrauni að taka út refsingu, og var hann kominn þaðan 10 dögum áður en húsleitinn var gerð. Við athugun, sem gerð var á umbúðum áfengisins, kom í ljós, að meðal þeirra voru nokkur blöð af danska blaðinu Politiken frá 25. september s. l. Hafði kærði í fyrstu haldið því fram, að hann hefði ekkert hreyft við áfenginu frá því í sumar, en er honum var gert kunnugt um þessi blöð, kvað hann það vel geta verið, að hann hefði eitthvað átt við það. Það verður nú ekki tekið trúanlegt, að kærði hafi geymt áfengið allan fyrrgreindan tíma, og verður þá að líta svo á, að kærði hafi bruggað áfengið eftir að hann var dæmdur síðast, og varðar það brot hans við 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 64, 1930. Þykir refsing hans með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal vera upptækt til ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 15. nóvember 1935.

Nr. 8/1935. **Landsbanki Íslands** (Pétur Magnússon)
gegn

Sigbirni Ármann (Jón Ásbjörnsson).

Skuldamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. jan. 1934: Stefnur, Sigbjörn Ármann skal vera sýkn af kröfum stefnandans,

Landsbanka Íslands, í máli þessu og greiði stefnandinn stefndum kr. 125.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu útgefni 29. jan. s. l., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 23. s. m. Eru kröfur áfrýjanda hér fyrir réttinum hinar sömu og fyrir undirrétti auk málskostnaðar fyrir hæstarétti, en stefndi hefir krafizt staðfestingar dómsins og málskostnaðar í hæstarétti.

Hér fyrir réttinum hefir verið upplýst, að það sé föst venja áfrýjanda að senda þeim mönnum, sem hlaupareikningsviðskipti hafa við bankann, hálfárslega afrit af hlaupareikningum þeirra miðað við 30. júní og 31. des. ár hvert. Er það og in confesso, að stefndur hafi í ársbyrjun 1929, sem aðrir viðskiptamenn, fengið afrit af hlaupareikningi sínum fyrir síðasta misseri ársins 1928 eða, nánar tiltekið, frá því að hlaupareikningsviðskipti hans við bankann hófust, 9. okt. 1928, til ársloka. Þótt stefndur kunní að hafa litið svo á í upphafi, að umrædd £ 1000-0-0 hafi þegar í okt. 1928, áður en hlaupareikningsviðskiptin byrjuðu, verið yfírfærð til bankans sem lán til stefnds frá hinum nafngreinda erlenda manni, þá gat hann séð af nefndu reikningsafriti að svo var ekki. Engin upphæð var færð honum til tekna á reikningnum árið 1928, en honum hinsvegar taldar til skuldar í árslok allar þær upphæðir, sem hann hafði ávísað á hlaupareikninginn á því ári, og enn fremur er hann skuldaður fyrir vöxtum af þeim upphæðum til áramóta, kr. 350.18. Gegn neitun áfrýjanda hefir stefndur ekki fært sönnur á, að hann hafi hreyft mótmælum við bankann út af því, að

hann var skuldaður fyrir vöxtunum — en þeir einir koma hér til álíta —, fyrr en í þessu máli. Hinsvegar er það upplýst, að hann hélt hlaupareikningsviðskiptunum áfram til 28. maí 1929 og greiddi upphæðir inn á reikninginn í marz, apríl og maí það ár. Verður að ætla, eftir þeirri venju, sem upplýst er um, að stefndur hafi síðar fengið afrit af reikningunum á venjulegum tíma. Mátti áfrýjandi því líta svo á, að stefndur væri samþykkur því, að hann væri skuldaður fyrir vöxtunum, og eru mótmæli hans gegn því í þessu máli of seint fram komin. Ber því þegar af þessari ástæðu að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi, en dæma stefndan til þess að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum, eins og krafist er, enda er vaxtaupphæðin í samræmi við venjulega útlánsvexti bankans á þeim tímum, að því er áfrýjandi hefir ómótmælt haldið fram.

Eftir málavöxtum er rétt að stefndur greiði áfrýjanda 150 krónur upp í málskostnað fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigbjörn Ármann, greiði áfrýjanda, Landsbanka Íslands, kr. 1223.18 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1930 til 1. okt. 1932 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo greiði stefndur og áfrýjanda kr. 150.00 upp í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað

fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. júní s. l. af Landsbanka Íslands hér í bæ, gegn Sigbirni Ármann, kaupmanni hér í bænum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1223.18 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. jan. 1930 til 1. okt. 1932 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi í októbermánuði 1928 lánað stefndum fyrir tilmæli Midland Bank, Ltd. í London og gegn ábyrgð hans £ 1000-0-0, sem á þeim tíma hafi jafngilt isl. kr. 22100.00 Lánið hafi síðan staðið hjá stefndum um nokkurt skeið, gegn ábyrgð bankans og hafi það um áramótin 1929—30 numið að viðbættum vöxtum kr. 23323.18. Í júlímánuði 1930 hafi bankinn svo sem ábyrgðarmaður greitt höfuðstól lánsins kr. 22100.00, en hinsvegar ekki áfallna vexti til 1. jan 1930. Vexti þessa, sem nemi hinni umstefndu upphæð sé stefndum sem lántaka að sjálfsgöðu skylt að greiða, en þar sem hann hafi reynzt algerlega ófáanlegur til þess, sé mál þetta höfðað gegn honum til greiðslu þeirra, ásamt venjulegum bankavöxtum af upphæðinni eins og þeir hafi verið á hverjum tíma.

Stefndur hefir mótmælt kröfu stefnanda og krafizt algerðrar sýknu af þeim og málskostnað hjá honum eftir framlögðum reikningi. Byggir stefndur sýknukröfuna á því, að hann hafi ekki tekið framangreint lán hjá stefnanda og geti stefnandi því ekki átt neina kröfu á hendur sér um vexti af láninu. Hinsvegar kveðst stefndur hafa fengið þau £ 1000-0-0, sem hér er um að ræða að láni frá nafngreindum enskum manni (mr. Woodgates). Hafi Landsbankinn eftir beiðni banka lánveitandans í Englandi (Midland Bank, Ltd.) greitt sér upphæðina út, og kveðst stefndur þá þegar hafa lagt hana inn á hlaupareikning sinn nr. 1817 við bankann. Telur stefndur að viðskipti sín við stefnanda í sambandi við peninga þessa hafi þannig eingöngu verið hlaupareikningsviðskipti og eigi hann frekar inni hjá stefnanda út af þeim heldur en hitt.

Hefir stefndur máli sínu til stuðnings lagt fram símkeyti til verzl. Hrímnir, sem hann var meðeigandi að, frá fyrnefndum mr. Woodgates, þar sem hann kveðst þegar hafa símsent firmanu Ármann & Co. £ 500-0-0 og einnig

hafa gefið banka sínum fyrirskipanir um að senda önnur £500-0-0 innan viku. Þá hefir stefndur og lagt fram eftirrit af símskeyti, sem hann kveðst hafa sent nefndum manni. Biður stefndur hann í símskeyti þessu að láta stefnanda fá fyrirmæli um að greiða sér persónulega umrædda peningaupphæð í stað firmans Ármann & Co., sem ekki var til. Jafnframt viðurkennir stefndur að hafa tekið á móti upphæðinni sem láni frá manni þessum. (mr. Woodgates).

Stefnandi hefir mótmælt eindregið framangreindri sýknuástæðu stefnds og haldið fast við þá staðhæfingu sína, að *hann* hafi verið lánveitandi stefnds. Hefir hann til sönnunar sínu máli lagt fram gögn (bréf, eftirrit bréfa og símskeyti) um það hvað farið hefir milli hans og Midland Bank Ltd. í þessu efni. Benda gögn þessi til þess, að nefndur banki hafi ætlazt til að stefnandi veitti stefndum framangreinda upphæð að láni gegn ábyrgð sinni. En nú hefir stefnandi ekki mótmælt því, að hann hafi greitt stefndum upphæðina eða yfirfært hana á hlaupareikning hans við bankann, og ekki verður séð, enda er því ekki haldið fram af stefnanda, að jafnframt og greiðslan eða yfirfærslan fór fram hafi verið gerður nokkur samningur við stefndan um endurgreiðslu á peningunum eða vaxtagreiðslu af þeim. Verður því ekki litið svo á, að hér hafi verið um lán af hálfu stefnanda til stefnds að ræða, eða stefndur hafi haft nokkra ástæðu til að ætla að svo væri. Virðist stefndur þvert á móti hafa mátt líta svo á, eftir því sem fyrir liggur, að lánveitandinn væri annar en stefnandi. Ber því að taka kröfu stefnds um sýknu af framangreindum kröfum stefnanda til greina og tildæma honum málskostnað, er ákveðst kr. 125.00.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í þessu máli fyrr en nú.